

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu - tillaga til þingsályktunar um bætta stjórnýslu í umgengnismálum - 90. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um bætta stjórnýslu í umgengnismálum,


Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 26. febrúar 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætta stjórnýslu í umgengnismálum, 90. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna. Biðst stofan velvirðingar á þeim tölum sem orðið hafa á umsögninni.

Ljóst er að töluverðar breytingar voru gerðar á barnalögum á árinu 2010 hvað varðar stjórnýslu í umgengnisforsjár- og lögheimilismálum þegar ágreiningur skapast milli foreldra. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að greint verði hvaða áhrif umræddar breytingar höfðu á meðferð málanna, hvað varðar t.a.m. málsmeðferðartíma (bæði hjá sýslumönnum og dómstólum), hvort ástæða er til að gera frekari breytingar á úrræðum og heimildum sýslumanna og hvort nægu fjármagni er varið í málaflokkinn.

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að ráðist verði í slíka úttekt eða greiningu á stöðunni áður en ákveðið verður hvort leggja þurfi fram nýtt frumvarp og ef svo er hvaða ákvæðum barnalaga rétt er að leggja til að verði breytt.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir